



Að ljúka skóla fyrir

Brautskráning áður en 10 ára skyldunámi er lokið

Foreldrar geta óskað eftir því að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, telji þeir að viðkomandi nemandi hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla og hafi uppfyllt námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár.

Eftirfarandi verklagsreglum skal fylgt þegar til stendur að nemandinn ljúki námi í grunnskóla áður en 10. bekk lýkur.

Foreldrar þurfa að sækja um á þar til gerðu eyðublaði um að barn þeirra ljúki námi fyrir en hefðbundið námsfyrirkomulag gerir ráð fyrir.

Ef nemandinn ætlar að útskrifast við lok 9. bekk þarf umsókn að liggja fyrir í desember það skólaár. Ef nemandi ætlar að útskrifast í desember á 10. námsári þarf umsókn að liggja fyrir í upphafi skólaárs.

Meta þarf hvort nemandinn uppfylli viðmið aðalnámskrár með framúrskarandi árangri, með hliðsjón af hæfniviðmiðum, áður en hann útskrifast frá grunnskólanum.

Skólastjóri kallar eftir námslegum og félagslegum upplýsingum um nemandann frá umsjónarkennara og öðrum þeim kennurum eða sérfræðingum innan skólakerfisins, sem að nemandanum koma, s.s. námsráðgjafa, skólaráðgjafa eða skólasálfræðingi.

Hæfniviðmið 10. bekkjar skal lagt til grundvallar í námi nemanda sem ætlar að útskrifast fyrir, en tekið skal tillit til þess að hann geti lesið hluta námsefnisins utanskóla.

Nemandinn þarf að standast eftirfarandi námsgreinar með góðum eða mjög góðum árangri: íslensku, stærðfræði, dönsku, náttúrufræði, ensku og samfélagsfræði.

Nemandinn þarf að sýna sjálfstæð vinnubrögð og mikla hæfni í að axla ábyrgð á eigin námi.

Ástundun og frammistaða í öðrum námsgreinum skal vera góð.



Ákveði skólastjóri að synja nemandanum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta foreldrar kært þá synjun grunnskóla til mennta- og menningamálaráðuneytis sem útskurðar í málinu samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, Almennum hluta bls. 56-57 og 47.gr. grunnskólalaga.

Nám samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er skyldunám og því ekki um undanþágur að ræða frá aðalnámskrá. Þó eru í grunnskólalögum nokkur ákvæði sem heimila undanþágur frá skyldunámi og fyrirmælum aðalnámskrár.

Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að bráðgerir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Er það lagt í hendur skólans með aðstoð sérfræðipjónustu sveitarfélaga og að frumkvæði foreldra eða fengnu samþykki þeirra að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram.

Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum. Þrátt fyrir heimild um að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða bráðgerum nemendum upp á að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða upp á fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra.